

Bókun óbyggðanefndar um breytt úrskurðarorð (að því er varðar þjóðlendu á nyrðri hluta afréttarlandanna Rana og Undir Fellum) í máli nr. 1/2005, Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal, við endurupptöku málsins 12. febrúar 2009.

Úrskurðarorðin verða að þessu leyti svohljóðandi:

„Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. nyrðri hluti afréttarlandanna Rana og Undir Fellum að frátöldu Brattagerði, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi er dregin lína í stefnu á ósinn úr Hólmavatni, þar til kemur að skurðpunkti við línu sem liggur frá merkigarði þeim, sem liggur frá Jökulsá í Fljótsdal fram og upp eftir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall og áfram í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli. Frá þeim skurðpunkti er þeirri línu fylgt að framangreindum stórum steini á ytra Eyvindarfjalli og þaðan í Jökulsá á Jökuldal, þar sem Hölná rennur í hana. Jökulsá á Jökuldal ræður síðan þangað sem Sauðá fellur í hana og síðan Sauðá þangað sem hún fellur niður af efstu fjallsbrúninni. Þaðan er dregin lína í vörðu sem hlaðin er upp á millum tveggja stórra jarðfastra steina og síðan að þeim stað þar sem Eiríksstaðavegur yfir heiðina liggur út í Eyvindará. Eftir það er Eyvindará fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi og þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa og í Eyvindará. Er þá miðað við þá línu sem aðilar eru ásáttir um. Þessari línu er fylgt frá framangreindum skurðpunkti hennar við Eyvindará og að upphafspunkti lýsingar þessarar, þ.e. merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi.

Sama landsvæði er í afréttareign Skriðuklausturs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.“

Þóknun málflytjanda ákvarðast svo: Friðbjörn E. Garðarsson hdl. kr. 179.600,- og greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon

Sif Guðjónsdóttir